



Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 27. apríl 2016
Tilvísun 1604117/14.0

Umsögn Fjarðabyggðar um 638. mál, tillögu að samgönguáætlun 2015 til 2018.

Bæjarráð Fjarðabyggðar tók til umfjöllunar á fundi sínum 25. apríl 2016 beiðni nefndasvið um umsögn vegna 638. máls, tillögu að samgönguáætlun 2015 til 2018.

Bæjarráð fagnar því að þingsályktunartillagan geri ráð fyrir fullnaðarfjármögnun á Norðfjarðargöngum og þau verði tekin í notkun á árinu 2017 ásamt því að tryggt sé fjármagn til rannsókna á jarðgöngum til Seyðisfjarðar. Jafnframt að fjármagn sé lagt í löngu tímabærar úrbætur á þjóðvegi um Berufjörð og til Borgarfjarðar. Það séu hins vegar vonbrigði að ekki sé gert ráð fyrir fjármagni til endurbóta á Suðurfjarðavegi enda löngu tímabært að ráðist sé í þær sem og ráðstafanir til að fækka einbreiðum brúm í sveitarfélaginu. Vakin er athygli á því að jarðsig hefur valdið miklu tjóni á Norðfjarðarvegi ofan Sandskeiðs á Eskifirði og huga þurfi að fjármagni til að ráða bót á þeim vanda.

Þá vill bæjarráð vekja athygli á því að nauðsynlegt sé að veita auknu fjármagni til innanlandsflugs þannig að það geti sinnt hlutverki sínu sem hluti af almenningsamgöngum þeirra sem búa á landsbyggðinni og jafnað aðstöðu þeirra sem sækja þurfa þjónustu til höfuðborgarsvæðisins.

Fagnað er að í þingsályktuninni er gert ráð fyrir auknu fjármagni til hafnamála á næstu árum en að meira þurfi að koma til. Nauðsynlegt er að auka fjármagn til sjóvarna af fenginni reynslu af óveðri því sem gekk yfir Austurland í lok síðasta árs og þeirri staðreynd að hætta er á frekara tjóni í náinni framtíð. Bent er á í því sambandi umsóknir sem Fjarðabyggðarhafnir sendu inn í mars 2015, þegar unnið var að gerð samgönguáætlunar 2015 til 2018, vegna sjóvarna á Eskifirði og Norðfirði og ljóst að brýn nauðsyn sé á að endurskoða framlög til þeirra.


Gunnar Jónsson
bæjarritari